

Sþ.

370. Tillaga til þingsályktunar

[183. mál]

um þjónustustarfsemi sjúkrasamlags, lögreglu, rafmagnsveitna og síma í Vestur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Ragnar Arnalds, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að aukin verði þjónusta opinberra aðila á Hvammstanga við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu og m. a. verði þar starfrækt skrifstofa sjúkrasamlags, lögregluvarðstofa og viðhaldsþjónusta frá Landssímanum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er Hvammstangi þjónustumiðstöð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Eftir að sjúkrasamlög hreppanna voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags vestur-húnavetninga færst út úr sýslufélaginu. Stjórn sjúkrasamlagsins ákvað í desember 1974, að skrifstofuhald sjúkrasamlagsins skyldi verða á Hvammstanga frá ársbyrjun 1975, en Tryggingastofnun ríkisins hefur komið í veg fyrir, að sjúkrasamlagsstjórnin fengi þessu ráðið, eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi, sem birt er hér sem fylgiskjal. Þessi afskiptasemi miðstjórnarvaldsins í Reykjavík af málefnum sjálfstæðs sjúkrasamlags úti á landi er að sjálfsögðu óþolandi með öllu. Hér er um stefnumarkandi mál að ræða, sem varðar fleiri staði en Hvammstanga og Vestur-Húnavatnssýslu, enda er ljóst, að ofríki Tryggingastofnunar ríkisins í málum héraðssjúkrasamlaganna er mjög óheppilegt fyrir starfsemi þeirra. Það er að sjálfsögðu lágmarkskrafa, að stjórn héraðssjúkrasamlagsins ráði því, hvar skrifstofa sjúkrasamlagsins er, án utanaðkomandi afskipta manna, sem lítið þekkja til staðháttanna. Auk þess er rétt að geta þess, að hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur boðið sjúkrasamlaginu samvinnu um skrifstofuhald og er því ekki líklegt, að kostnaður við rekstur sjúkrasamlagsins verði minni annars staðar. Hins vegar yrði þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu að sjálfsögðu talvert meiri.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur lengi krafist þess, að lögreglumaður yrði ráðinn til starfa á Hvammstanga, en þeirri kröfu hefur ekki verið sinnt. Lögreglustörf á Hvammstanga hafa að undanförunni verið unnin í aukavinnu manns, sem gegnir öðru starfi. Á Blönduósi eru tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Sýslumaður hefur skrifstofuaðstöðu á Hvammstanga og kemur hann þangað eða fulltrúi hans einu sinni í viku.

Megn óánægja er ríkjandi heima fyrir með skipan þessara mála, og á fundi manna úr öllum hreppum Vestur-Húnavatnssýslu 12. maí 1975 var samþykkt að beina því til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, „hvort ekki sé tímabært, að sýslunefndin óski eftir því við viðkomandi yfirvöld, að Vestur-Húnavatnssýsla verði gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, en með því ætti opinber þjónusta í sýslunni að geta batnað til muna frá því, sem nú er“.

Á sýslunefndarfundi var svo slík samþykkt gerð.

Vafalaust er mikil andstaða gegn því af kostnaðarástæðum, að sýslumannsembættum verði fjölgað. En flutningsmönnum þessarar tillögu virðist ekki til of mikils mælt, að skrifstofuaðstöðu sýslumanns verði nú a. m. k. breytt í lögregluvarðstofu með fastráðnum lögreglumanni, og má segja, að það sé lágmarksúrlausn á þessum vanda.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og hreppsnefnd Hvammstangahrepps hafa óskað eftir því, að viðgerðarmenn frá Rafmagnsveitum ríkisins og Landssímanum hafi fasta búsetu á Hvammstanga eða annars staðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Þegar bilanir verða í vöndum veðrum er sérlega illt að þurfa að sækja þessa þjónustu langan veg. Virðist eðlilegt og sanngjarnt að orðið sé við þessari kröfu. Síðan tillagan var flutt s. l. vor hafa Rafmagnsveiturnar fallist á þessa beiðni fyrir sitt leyti.

Fylgiskjal I.

Hvammstanga, 10. des. 1974.

Tryggingastofnun ríkisins,
sjúkratryggingadeild,
Reykjavík.

Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu hefur gert eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu ákveður að frá næstu áramótum skuli skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu flutt frá Blönduósi til Hvammstanga.

Þess er óskað að Tryggingastofnun ríkisins vinni að því í samráði við stjórn samlagsins að flutningur skrifstofuhaldsins geti farið fram á tilteknum tíma. Aðkallandi er t. d. að huga fljótt að ráðningu á starfskrafti og aðstöðu fyrir skrifstofuhaldið, en líklegt er að hér sé um hálf starf að ræða.

Í sambandi við ákvörðunina um flutning skrifstofuhaldsins skal eftirfarandi tekið fram:

Síðan hreppa-sjúkrasamlögin voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Hún. verið á Blönduósi í Austur-Húnavatnssýslu og unnin af sýsluskrifstofu. Þó skal þess getið, að sýslumaður eða fulltrúi hans er hér með viðtalstíma oftast ca. 3—4 klst. í viku og sinnir þjónustu fyrir sýslumannsembættið og þá erindum varðandi sjúkrasamlagið um leið.

Á það hefur margoft verið bent af Vestur-Húnavetningum, að þetta fyrirkomulag á þjónustu sjúkrasamlagsins sé með öllu óeðlilegt og óviðunandi. Eðlilegt og sjálf-sagt hlýtur að teljast að Sjúkrasamlag V-Húnavatnssýslu, sem þjóna á Vestur-Húnavetningum, sé með sína þjónustuskrifstofu á Hvammstanga, þar sem þjónustu- og verslunarmiðstöð héraðsins er, en þangað eiga allir sýslubúar erindi.

Í V-Húnavatnssýslu eru íbúar nú ca. 1400—1500, þeir myndu því nægilega stóra heild til að gera þá kröfu, að þeir þurfi ekki að sækja lögboðna þjónustu eins og þjónustu sjúkrasamlags í önnur héruð.“

F. h. stjórnar Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu.

Þórður Skúlason
(formaður).

Fylgiskjal II.

Hvammstanga, 6. febr. 1976.

Til dómsmálaráðuneytisins, Reykjavík,
og sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps fer þess hér með á leit við dómsmálaráðuneytið og sýslumann Húnavatnssýslu að þessir aðilar hlutist til um, að nú þegar ráðinn verður nýr lögreglumaður til starfa við sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu, þá verði hann staðsettur á Hvammstanga.

Benda má á að með aukinni umferð, fólksfjölgun og umsvifum á Hvammstanga sé óforsvaranlegt að næsti lögreglumaður sé í 60 km, fjarlægð. Þá má einnig minna á að á svæðinu frá Blönduósi til Borgarness er enginn lögreglumaður staðsettur og frá Blönduósi til endamarka lögsagnarumdæmisins að vestan er 100 km akstur en 40 km frá Hvammstanga, en stóraukin umferð um þjóðvegi krefst sífellt aukinna afskipta lögreglumanna.

Að visu hefur nú um tíma verið staðsettur á Hvammstanga maður, sem vinnur starf lögreglumanns í aukavinnu, en engar líkur eru þó á að sá háttur geti orðið á til

frambúðar, vegna þess að nú þegar er starf þessa manns orðið það mikið að nær ómögulegt er að sinna því með öðru starfi. Laun þessa manns fyrir aukavinnu við löggæslu á s. l. ári námu rúmlega 600 þús. krónum.

Á Blönduósi hafa nú að undanförunu starfað tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Eðlilegra væri að í öllum þéttbýlisstöðum sýslunnar, Skagaströnd, Blönduósi og Hvammstanga, væri einn lögreglumaður á hverjum stað og mundi lögreglumaðurinn á Hvammstanga fyrst og fremst þjóna vestursýslunni. Þó Blönduós sé nokkru umsvifameiri staður en t. d. Hvammstangi ætti að vera auðvelt fyrir lögreglumenn á Blönduósi og Skagaströnd að hafa nána samvinnu ef á þarf að halda, vegna lítillar fjarlægðar á milli staðanna.

Virðingarfyllt.

F. h. hreppsnefndar Hvammstangahr.

Þórður Skúlason.